



12. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2024/2025
haldinn miðvikudaginn 5. mars 2025
haldinn í Öskju stofu VAÐ, kl. 11:45

Fundinn sátu:

Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson varaformaður, Íris Davíðsdóttir (teams), Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson, boðaði forföll.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 4. febrúar 2025
2. Aðalfundur Félags háskólakennara 2025.
3. Reglur Félags háskólakennara um þóknanaeiningar, janúar 2025.
4. Umsögn um tillögur að breyttum starfsheimtum.
5. Umsögn um tillögur að breytingum á reglum um ótímabundna ráðningu.
6. Drög að reglum um námsleyfi.
7. Samráðsnefndarfundur, 11. febrúar.
8. Opinn fundur með frambjóðendum til rektors HÍ, 6. mars nk.
9. Bókanir í kjarasamningi 16. sept. 2024 – 31. mars 2028.
 - Bókun 10. „Samhliða kjarasamningi þessum verður gerð yflýsing stjórnvalda um að haft verði samráð við kjarafélg háskólafolk við næstu endurskoðun á reiknilíkani háskólanna og kallað eftir tillögum þeirra um mögulegar viðbætur eða breytingar á því.“
 - Bókun 11. „Aðilar eru sammála um að frekari greininga sé þörf á kostnaði akademíks starfsfólks vegna langskólamenntunar og starfsnáms (t.d. nýdóttor). Stéttarfélag háskólastigsins (FH, FHA, FPR) munu hafa frumkvæði að slíkri greiningu og verður hún kynnt og rædd á sameiginlegum fundi aðila eigi síðar en í janúar 2026. KMR munvera ðilum innan handar eftir fremsta megni t.d. með því að vieta aðgengi að gögnum.“
- Svar stjórnar Starfsmenntunarsjóðs BHM, við erindi Félags háskólakennara dags. 23. janúar 2025.
- Samantekt launatalna frá FHA, samanburður Fh, FHA, FPR og KÍ

1. Fundargerð, febrúar 2025

Fundargerðin var samþykkt, með stafsetningarleiðréttingum.

2. Aðalfundur Félags háskólakennara 2025

Ákveðið að aðalfundur félagsins verði haldinn 12. maí 2025, kl. 15. Framkvæmdastjóra falið að finna fundarstað.

3. Reglur Félags háskólakennara um þóknanaeiningar

Fyrir fundinn lágu uppfærðar þóknanaeiningar félagsins mv. vísitölu í janúar 2025. Reglur voru samþykktar.

4. Umsögn Fh um tillögur að breyttum starfsheitum.

Umsögn félagsins var send inn 3. mars síðastliðinn.

5. Umsögn Fh um tillögur að breytingum á reglum um ótímabunda ráðningu

Félagið hefur fengið vikufrest til að skila inn umsögninni. Drög hafa verið send á milli stjórnarmanna. Formanni og framkvæmdastjóra falið að fínþússa og laga orðalag og senda á stjórn til samþykktar. Stjórn sammála um að vara eigi við því að krafa um tiltekin aflstig verði aðalforsenda þess að einstaklingar fái ótímabundna ráðningu.

6. Drög að reglum að námsleyfi

Baldvin kynnti málið lítillga sem er enn í vinnslu. Stjórn umhugað um að standa skuli fast á því að réttur starfsfólks verði ekki skertur frá því sem verið hefur.

7. Samráðsnefndarfundur 11. febrúar 2025

Baldvin sagði frá fundinum sem fjallaði eingöngu um stöðu vinnunar við innleiðingu starfsmatskerfisins HERA. Fulltrúar félagsins og HÍ hafa átt fleiri fundi síðan vegna HERA þar sem m.a. hefur verið farið yfir forsendur kerfisins. Málið er enn í skoðun og HÍ stefnir á að standa við dagsetningar sem samið var um í aðdraganda kjarasamnings í september 2024.

8. Opinn fundur með frambjóðendum til rektors HÍ

Félag háskólakennara og Félag prófessora við ríkisháskóla standa fyrir opnum fundi með frambjóðendum til rektors, fimmtudaginn 6. mars kl. 16. Fundurinn verður í Odda og steymt á netinu. Baldvin fór yfir skipulag fundarins.

9. Bókanir í kjarasamningi félagsins

Framkvæmdastjóri vildi vekja athygli stjórnar á sérþóku sem félagið gerði í núgildandi kjarasamningi við fjármálaráðherra. Stjórn sammála um nýta þarf samningstímann vel og virkja bókanirnar.

Önnur mál:

Rætt um svar starfsmenntunarsjóðs BHM til félagsins vegna erindis um stöðu doktorsnema í sjóðinum eftir að hámarksviðmið var hækkað.

Farið yfir samantekt FHA á samanburði heildarlauna Fh, FHA, FPR annars vegar og KÍ hins vegar. Tölurnar eru frá maí 2024, í fyrir störf kennara í fullu starfi.

Fundi lauk kl. 13:15. Næsti fundur 2. apríl nk.